


**Sneiðing A-A**
1 : 100




**Sneiðing B-B**
1 : 100




**Sneiðing C-C**
1 : 100




**Grunnmynd**
1 : 100




**Afstöðumynd**
1 : 2000

Stækkun frístundarhússins Þerneyjarsund 9, Hraunborgum
Landnúmer 168657, staðgr: 8719-1-45300170

Núverandi hús er timburhús, klætt með timbri að utan, einangrað og klætt með timburpanil að innan. Þakið er timburvirki, klætt með svörtu bárujárni. Húsið er byggt árið 1978 og stækkað 2005 til vesturs. Teikningar sem nú eru lagðar fram sýna stækkun á núv. húsi sem annar vegar felst í tengibyggingar og hins vegar stækkun til norðurs með herbergjum og baði. Núverandi norðurgafl verður opnaður og gengið inn í nýja hlutan úr alrými. Jafnframt sýna teikningar stækkaðar verandir.

Burðarkerfi.
Núv. hús er grundað á staðsteyptum súlum og bitum. Viðbyggingin verður grunduð á staðsteyptum súlum sem ná niður á frostfrían og berandi jarðveg. Ofan á þeim eru samlímdir 2x 5x25 cm gólfdregarar, 4 stk. Gólfbitar í viðbyggingu eru 20cm háir með steinullareinangrun á milli bita og rakasperru. Bitar klæðast að neðan með vind og músaheldri klæðningu og að ofan með rakaheldum nótuðum 21 mm spónaplötum.
Nýir útveggir eru úr 45x145mm þykkri grind sem fyllt er með steinullareinangrun og rakasperru að innan. Allir útveggir eru berandi. Utanvert á nýjum veggstoðum er 9mm krossviður sem stífar húsið af.
Þak tengigangs með 1:40 (25 mm/p.m) þakhalla að niðurfalli og er klætt með 2 lögum af ásoðnum þakpappa. Þak viðbyggingar er með 14 gráðu halla. Sperrur eru klæddar með 1"x 6" borðaklæðningu, þakpappa og svörtu bárujárni. Timbursperrur skal styrkja með góðum laska við mæni. Loftunbil í þaki skal vera að lámarki 2,5 cm.

Utanhússfrágangur
Veggir verða klæddir með liggjandi "Cembrit" sements plötum. Klæðningin er fest í loftunar lista sem festir eru utan á krossvið útveggjanna.
Allir gluggar eru timburgluggar. Kólnunartala nýrra glugga með gleri er 1,3. Gólfsítt gler er öryggisgler.

Innanhússfrágangur
Innanvert á nýja útveggi er fest rakavarnarlag, þá raflagnagrind og að lokum veggjaklæðning. Innveggur er úr timburstoðum og klæddur með panil. Milli þaksperra er einangrað með steinullareinangrun með vindpappa. Neðan á þaksperrur er fest rakavarnarlag, þá raflagnagrind og að lokum loftaklæðning. Gólf eru parketlögð.

Hitalagnir tengjast núverandi lögnum eða lagnagrind
Húsið er upphitað með miðstöðvarofnum.
Á svæðinu er hitaveita.
Allt skólp er leitt í viðurkennda rotþró með siturlögn, sem nú þegar er til staðar á lóðinni.

Brunavarnir
Allir veggir og þak uppfylla EI 30 brunakröfu og klæðningar eru a.m.k. í flokki 2. Björgunaop er í öllum svefnherbergjum og í svefnlofti. Í öllum svefnherbergjum og í stofu eru reykskynjarar. Handslökkvitæki er í anddyri.

Algild hönnun
Þar sem um viðbyggingu við gamalt hús er að ræða gerir hönnun ekki ráð fyrir því að húsið uppfyill kröfur þar að lútandi.

Einangrunartölur
U-gildi einstakra byggingarhluta í stækkun er eftirfarandi:
Þak 0,18
Útveggir 0,26
Gluggar 1,35
Hurðir 1,5
Gólf 0,2

Sorpgámar eru við hlið inn á svæðið

Heildarstærðir
matshluti 01:
núv. hús skv. FMR: 60,4m² og 201,0m³
Stærðir eftir stækkun
matshluti 01: 111,1 m² 346,3m³

Stækkun samtals á húsi 39,98m² 125,2m³

Lóðarstærð: 5000,0 m² - nýtingarhlutfall: 0,022

Gert er ráð fyrir 4 bílastæðum á lóðinni

*ATH. hæðarkótar fyrir svæðið eru ekki fyrirliggjandi*

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
06. okt. 2021
Byggingarfulltrúi

20213567

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: |
|---|---|---|---|

Verkheiti:
**Gufunessund 6**
Heimilisfang:
Grímsnes og Grafningshreppur
Verktegund:
Frístundarhús

| Landnúmer: | 168657 | Staðgreinir: | 8719-1-45300170 |
|---|---|---|---|

**Aðaluppdráttur**

**Grunnmynd, snið og afstöðumynd**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hannað af: | DKK | Matshluti: | 01 |
| Teiknað af: | DKK | Mælikvarði: | As indicated |
| Yfirfarið af: | DKK | Dagsetning: | 21.09.2021 |
| Samþykkt: | | | |

**Teiknistofan H.R. ehf**
Húsbyggingar og ráðgjöf
Davíð Karl Karlsson BFI
Laugavegur 178, 105 Reykjavík
Kennitala 601005-0260
Sími: 694 3029
Netf.:
dkk@internet.is

| 08-21 | – | – | A | 001 | |
|---|---|---|---|---|---|
| Verknúmer | Svæði | Áfangi | Ábyrgð | Númer | Útgáfa |

1:100 0 1 2 3 4 5 m

Blaðastærð: A2

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Vistað: 12.10.2021 11:26:59 Útprentun: 02/07/21

Skrá: C:\Users\Davið-wrk\Dropbox\Minar teikningar\2021\Gufunessund 6\Teikningar\Teiknistofan\Utgefnar\Gufunessund 6_12.10.21.rvt